

Bréf umhverfis- og skipulagssviðs dags. 16. september 2020 til íbúaráðs Árbæjar og Norðlingaholts. Sjá tillögu á vef Reykjavíkurborgar: <https://reykjavik.is/skipulag-i-kynningu/adalskipulagi-reykjavikur-2010-2030-serstok-busetuorraedi>

Góðan daginn

Hér með tilkynnist að hafin er auglýsing á neðangreindri aðalskipulagsbreytingu:

## Sérstök búsetuúrræði Heimildir innan landnotkunarsvæða

Borgarráð Reykjavíkur samþykkti þann 2. júlí 2020 að auglýsa tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030, samkvæmt 1. mgr. 36. gr, sbr. 31. gr. laga nr. 123/2010.

Markmið aðalskipulagsbreytingar er að skerpa almennt á landnotkunarheimildum er varða staðsetningu sértækra búsetuúrræða. Undanfarin misseri hefur verið unnið að því að finna ýmsum sérstökum búsetuúrræðum stað í landi borgarinnar. Af gefnu tilefni er brýnt að skýra betur heimildir um mögulega staðsetningu þessara húsnæðislausna innan mismunandi landnotkunarsvæða aðalskipulagsins.

Tillagan liggur frammi í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að **Borgartúni 12-14**, 1. hæð, virka daga kl. 8:20 – 16:15, **frá 16. september 2020 til og með 28. október 2020**. Tillagan er einnig til sýnis á Skipulagsstofnun, Borgartúni 7b . Tillöguna má nálgast á [reykjavik.is](http://reykjavik.is) og [adalskipulag.is](http://adalskipulag.is)

Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillöguna. **Ábendingum og athugasemdum við tillöguna skal skila skriflega til Umhverfis- og skipulagssviðs, Borgartúni 12-14 eða á netfangið [skipulag@reykjavik.is](mailto:skipulag@reykjavik.is), eigi síðar en 28. október 2020. Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti.**

bestu kveðjur

Haraldur Sigurðsson, skipulagsfræðingur (Msc.)  
Deildarstjóri aðal- og svæðisskipulags  
Umhverfis- og skipulagssviði  
Reykjavíkurborgar

Sent til:

Svæðisskipulagsnefnd höfuðborgarsvæðisins  
Nágrannasveitarfélög  
Velferðarráð/Velferðarsvið Reykjavíkurborg  
Íbúaráð í öllum borgarhlutum  
Skipulagsstofnun  
Umhverfisráðuneyti  
Húsnæðis- og mannvirkjastofnun